

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251 31. des. 1965, um breytingu á reglugerð
Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitunni skal greiða tengigjald kr. 6.00 á hvern rúmmetra húss allt að 200 rúmmetra stærð, en kr. 4.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu, áður en tenging fer fram.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.2% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 7.00 á hvern rúmmetra á íbúðarhúsnæði og kr. 4.80 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð vatnsskattsins aldrei vera hærri en svarar kr. 9.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki vatnsskattur.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 000.00

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt eigi virt fasteignamatsvirðingu og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar miðað við rúmmetra samkvæmt samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.